

## **Krossorðaspilið - 15 teningar.**

### **Áður en byrjað er á spilið:**

Spilið er með teningum með íslenskum stöfum. Ekki er hægt að nota þetta spil fyrir önnur tungumál.

### **Tilgangur spilsins:**

Að búa til eins mörg orð og mögulegt er, lárétt eða lóðrétt, eftir að leikmaður hefur kastað öllum teningum í einu og telja síðan stigin á hverjum staf í orðunum. Ef einhver vafi leikur á orðinu þá skal nota orðabók til að skera úr um það. Það er best fyrir hvern leikmann að reyna að koma hverjum staf sem oftast fyrir til að stig hvers stafs teljist sem mest.

### **Leikreglur:**

Leikmaður tekur alla teningana, hristir þá og hendir þeim á borðið. Nota skal þá stafi sem snúa upp. Ekki má snúa teningunum við. Ef þið viljið nota tímaglas, þá snúið tímaglasinu við þegar búið er að henda teningunum. Ef börn og fullorðnir spila saman má gefa börnum lengri umhugsunartíma, en almennt skal miða við 1 mínútu umhugsunartíma í venjulegri umferð.

Tveir teningar hafa eina tóma hlið hver og er það JOKER. Það má nota þá hlið sem hvaða staf sem er og teljast stigin sem stig þess stafs sem jokerinn kemur í staðinn fyrir.

### **Talning stiga:**

Á hverri hlið eru ekki einungis stafir heldur líka númer. Leikmaður sem er búinn að gera telur síðan sín stig saman með því að byrja að telja lárétt og síðan lóðrétt og leggja svo saman. Það er líklegt að ekki hafi allir teningarnir verið notaðir. Stigin á ónotuðum teningum eru talin saman og dregin frá því sem myndaðist í orðunum. Staða leikmanns eftir hverja umferð er færð á stigablaðið. Sú staða getur komið upp að leikmaður fái mínusstig úr umferð.

Sá leikmaður vinnur spilið sem hefur flest stig eftir að hafa lokið þeim umferðum sem ákveðnar voru í upphafi.

**Innihald:** 15 teningar með íslenskum stöfum.

Stigablokk. Leikreglur.